

REGLUGERÐ**um hvíldartíma bifreiðarstjóra.****45**

22. maí

1. gr.

Bifreiðarstjórar fólksflutningabifreiða skulu að jafnaði hafa 12 klukkustunda óslitna hvíld á sólarhring hverjum, auk nauðsynlegs matartíma. Þó skal leyfð 4 klukkustunda eftirvinna þegar nauðsyn krefur, enda komi þá að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á eftir.

Sérhver fólksbifreiðastöð skal halda dagbók, er sýni nákvæmlega daglegan vinnutíma hvers bifreiðarstjóra, hvenær hann kemur til vinnu og hvenær hann fer frá vinnu. Skal lögreglunni og skoðunarmönnum bifreiða í umdæmi því, sem bifreiðastöðin er í, heimill aðgangur að dagbókum þessum, þegar krafist er.

2. gr.

Bifreiðarstjóra, sem hefir farþega í bifreið sinni, er eigi heimilt að slita ferð sinni eða hætta vinnu þó að vinnudagur sé úti, samkvæmt ákvæðum 1. gr., fyrr en hann hefir lokið ferðinni eða náð á hæfilegan áfangastað og gengið vel frá bifreiðinni.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 70 8. september 1931, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 14. júní 1930.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT**um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði.****46**

27. maí

1. gr.

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.